

**Þinggerð 48. ársþings Blaksambands Íslands, haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal
laugardaginn 13. júní árið 2020 kl. 10.00.**

Þingsetning

Grétar Eggertsson formaður BLÍ setur þingið og býður alla velkomna á ársþing Blaksambands Íslands.

Í upphafi þings viljum við minnast góðs félaga sem lést á landspítalanum í mars. Jón Gunnar Sveinsson var blakinu mjög mikilvægur enda meðlimur í aganefnd BLÍ til dauðadags. Hann var einn af stofnendum blakdeildar Fram á áttunda áratugnum og kom að uppbyggingu meistaraliðs Stjörnunnar í Garðabæ. Jón Gunnar var mjög virkur blakdómari um árabil og starfaði í nefndum sambandsins. Viljum við biðja þingheim að rísa úr sætum til að minnast Jóns Gunnars.

Þingið er sett kl. 10.20

Lagt er til að Valdimar Leó Friðriksson verði þingforseti. Samþykkt samhljóða

Lagt er til að Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur til starfa og segir frá því að hann hafi farið yfir lög sambandsins og þingboðun. Þingið er löglega boðað.

Starfsnefndir þingsins

- a) Kjörbréfanefnd: Steinn Guðni Einarsson, formaður. Þessi nefnd tekur til starfa strax og er starfandi allan þingtímann. Nefndin fer yfir lögmæti kjörbréfa og hvort fulltrúar séu mættir. Sigríður Pálsdóttir og Lúðvík Kristinsson munu starfa með Stein í nefndinni.
- b) Fjárhagsnefnd: Stefán Jóhannesson formaður
- c) Laga- og allsherjarnefnd: Sigurbjörn Árni Arngrímsson formaður
- Blöð liggja frammi fyrir þingfulltrúa að skrifa sig á en nefndastarfið byrjar í þinghléinu.
- Samþykkt.

Skýrsla stjórnar BLÍ 10:25

Grétar Eggertsson flytur skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsá. Skýrsluna og kynningu formanns má finna á heimasíðu BLÍ.

Reikningar síðasta starfsá 10:50

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ greinir frá afkomu Blaksambands Íslands árið 2019.

Umræður um skýrslur stjórnar og ársreikning 2019.

Guðmundur Helgi Þorsteinsson

- Aðstaða fyrir strandblak er mikilvægt
- Blak í borginni. Það þarf að virkja borgina og ÍBR með blakiðkun, vantar stórt félag
- Samstarf á norðurslóðum. Þurfum að virkja samstarfið á norðurhveli jarðar
- Athugum hvort hægt sé að reka mótin öðruvísí en frá skrifstofu BLÍ
- Sendi kveðjur forseta CEV. Eftir því tekið hvað Ísland stendur sig vel í blakmálum.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson


SGA
1

- Ætlar BLÍ að vera krúttlega sæta sambandið sem gefur eftir í mótamálum EÐA Afreksmiðað sérsamband.
- Þurfum fasta leikdaga
- Félögin að bæta umgjörð hjá sér og endilega fjölgvið þeim sem sjá um umgjörðina.

Þingforseti biður kjörbréfanefnd að gera grein fyrir sínum störfum.

Steinn Einarsson kemur upp og les upp þau kjörbréf sem hafa borist. Alls eru 10 kjörbréf komin með 21 fulltrúa.

USVH: Grétar Eggertsson.

Þróttur N: Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Efling: Sigurbjörn Árni Arngrímsson

KA: Valgeir Bergmann og Stefán Jóhannesson

Hamar: Barbara Meyer, Hafsteinn Valdimarsson, Kristján Valdimarsson.

Fylkir: Gunnþór Jens Matthíasson, Jóhanna Jakobsdóttir, Auður Ösp Jónsdóttir

Völsungur: Lúðvík Kristinsson

Afturelding: Guðrún Kristín Einarsdóttir, Steinn G Einarsson,

HK: Anný Thorstensen, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Andreas Hilmir Halldórssony, Vilborg Bjarnadóttir

Þróttur R: Sigríður Halldóra Pálsdóttir, Svala Ásbjörnsdóttir, Sævar Már Guðmundsson

Alls eru 22 fulltrúar mættir af 25 skráðum á Kjörbréfin. Alls 79 þingfulltrúa á útsendum kjörbréfum.

Þingforseti lýsir kjörbréfin samþykkt þeir sem eru mættir sem þingfulltrúar.

Guðrún Kristín Einarsdóttir

- Takk fyrir skýrslu stjórnar.
- Væri til í að sjá áhorfstölur úr myndavélakerfinu okkar, væri mikilvægt að sjá það.
- Skil áhyggjur Bjössa með fasta leikdaga en telur að blakið sé ekki komið þangað ennþá.
- Sideline er ekki fyrir blakara.
- Vil koma inn á leikgreiningu. Við fórum þá leið að útvista verkefninu og fengum tölfraði úr leikjum sólarhring eftir leik, að utan. Vil endilega sjá að öll félög láti gera þetta af meiri fagmennsku eða við sleppum þessu.
- Hef áhyggjur af því að línuvarslan sé komin í hring, þ.e.a.s. að félögin ráði ekki við mönnun á línuna, heyrst of mikil af „heimalínuvörslu“ og að dómarar treysta ekki sínum línuvörðum.
- Vil nýta tækifærið að þakka UMSK fyrir skólamót grunnskólanna á UMSK svæðinu og hvet önnur heraðssambönd og félög að gera þetta. Góður vettvangur fyrir félögin til að fá fleiri iðkendur til sín.
- Öldungamál. Það var sett á laggirnar nefnd sem sér um málefni öldungablakara. Eftir að öldungaþingið var lagt niður er þetta í höndum þessarar nefndar. Stjórn BLÍ hefur ekkert með öldungamálin að gera og á meðan nefndin er ekki klár er þetta í höndum öldungaráðs sem er skipað þremur síðustu öldunga.



- Ég hef athugasemd við reikning sambandsins um liðinn kynning og fræðsla. Þessi upphæð þarf að vera hærri ef á að taka mark á blakhreyfingunni.

Hafsteinn Valdimarsson

- Vil nefna í sambandi við Öldungamótin og sjóðinn sem kemur úr dómgæslunni. Það er frábært að hægt sé að styrkja svona sjóð en vil jafnframt benda á að landsliðsmenn hafa verið að dæma í öldungamótum fyrir söfnun upp í landsliðsferðir. Þær eru dýrar og þurfa mótmótsalarar að bjóða upp á þetta áfram fyrir okkur.
- Ímynd blaksins er þannig í dag að í fyrsta sinn sem fólk heyrir um blak á Íslandi fer það beint að fjalla um Öldungablak. Viljum við að það sé flaggskip sambandsins? Viljum við ekki að grásrótin og deildakeppnin sé flaggskipið með landsliðunum?

Jason Ívarsson

- Þakkar fyrir góða skýrslu og greinilegt að starfsárið hefur verið viðburðarákt.
- Vildi aðeins benda á að skv. 1. Grein laga BLÍ fer Blaksamband Íslands með æðsta vald blaks á Íslandi, þannig yfir öldungablakið líka.

Grétar Eggertsson

- Takk fyrir þessa umræðu frá þingfulltrúum. Við þurfum að sjálfsögðu að flaggskipið sé ekki öldungablaki. Afreksmálin, grásrótin og deildakeppni þarf að hafa meira vægi í markaðsmálunum. Það hefst mögulega með meiri virkni á samfélagsmiðlunum.
- Það er ljóst að það þarf að bæta blak í borginni.
- Ímyndina þarf að bæta til muna og er það á dagskrá stjórnar fyrir næsta ár.

Sævar svarar

- Varðandi athugasemdirna við liðinn Kynning um fræðslu. Já þetta er lág upphæð en hún er hinsvegar milljón hærri en árið á undan. Ljóst að það þarf að hækka þessa upphæð.

Jóhanna spyr úr sæti um unga iðkendur og markaðstækifæri þar, sérstaklega um að sækja í skólana og í þá sem eiga endilega ekki foreldra í íþróttinni.

Grétar svarar úr sæti að það sé akkúrat málið og sóknartækifærin eru mörg.

Barbara talaði úr sæti þar sem hún hvatti til þess að blaknet yrði sett upp í útisvæðum við grunnskólana. Svo þarf að vekja Reykjavíkurmótin í blaki.

Ávarp fulltrúa ÍSÍ – Sigríður Jónsdóttir

Sigríður Jónsdóttir kynnir sig, fyrsti varافорсети ÍSÍ og biður kveðjur úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og forseta ÍSÍ og framkvæmdastjóra.

Takk fyrir samstarfið stjórn BLÍ, án ykkar í þingsal væri starfið ekki neitt. Ánægð með ársskýrsluna, gott að hafa nokkur útprentuð eintök. Frábært að sjá að þjálfaramenntun er komin á skrið.

Vegna Covid19 er búið að fresta Ólympíuleikunum. Það er búið að fella niður Smáþjóðaleikana 2021.

Ræðir um stuðning við félögin vegna Covid19.

Sjálfboðaliðahreyfing. Getum við staðið undir atvinnumennsku í íþróttum? Þið ræðið um markaðsmál – já búið að vera erfitt að fá fyrirtæki.


Sigríður Jónsdóttir

Er það íþróttin sem gerir fólkioð eða fólkioð sem gerir íþróttina. Það eru ekki allir sem fara í fótbalta.

Ræddi um blak sem sjónvarpsíþrótt. Minnist á styrki vegna búnaðar hjá ríkinu. Mælir með því að sambandið styrki líka félögum.

Við eיגum að standa vörð um Lottóið og íslenska getspá. Það hefur gengið vel. Vonus að íþróttahreyfingin komi vel út úr þessu.

Get ekki varið Reykjavíkurborg og aðstöðumál. Þau eru hjá sveitarfélögum.

Sigríði var falið það embættisverk að sæma Andra Hnikarr Jónsson og Kristínu Hálfánardóttir og Sigurbjörn Árna Arngrímsson með gullmerki

Grétar kemur upp og þakkar Sigríði fyrir sína ræðu og veltir því upp hversu mikil vonbrigði það eru að Smáþjóðaleikarnir verða ekki á næsta ári í Andorra en leikarnir í Möltu verða 2023 en þar er búið að lýsa því yfir að ekki verði keppt í blak og strandblaki. Við hvetjum ÍSÍ til að athuga þessi mál því það er ekki gott ef ekki er keppt í blaki.

Reikningar bornir upp og samþykktir sem og skýrsla stjórnar.

Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Sævar Már Guðmundsson leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2020.

Þingforseti merkir sem rekstraráætlun sem **Þingskjal 1** og vísar fjárhagsnefnd.

Laga- og leikreglnabreytingar

Þingforseti lagði til að fram komnar tillögur á þingið verði settar í nefndir án kynningar. Mótanefnd er með tillögu 1 og er bálknum vísað í Allsherjarnefnd og merkt: **Þingskjal 2**

Jóhannes Egilsson er með tillögu 2 um félagaskipti milli úrvalsdeildar og b liðs félags og fari í allsherjarnefnd. **Þingskjal 3**

Jóhannes Egilsson leggur til að tillögu um deilda keppni festing leikdaga og fari í allsherjarnefnd.

Þingskjal 4

Jóhannes Egilsson leggur fram tillögu um festingu leikhelga í 2. Deild og neðar. **Þingskjal 5**

Stjórn BLÍ leggur fram tillögu um starfsreglur fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ. **Þingskjal 6**.

Stjórn BLÍ leggur fram reglugerð um menntunarskilyrði þjálfara. **Þingskjal 7**.

Þinghlé

Nefndarstörf

kl. 15:45.

Þingforseti biður þingheim um að fá sér sæti þar sem þinghald getur haldið áfram eftir nefndarstörf.

Sigurbjörn Árni gerir grein fyrir störfum **Allsherjarnefndar**.



4

Þingskjal 2 lagt fyrir að þingið samþykki reglugerðarbókina þannig með breyttumeð áorðnum breyttri úr nefndinni.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3 lagt fyrir að þingið vísi tillögu 2 frá.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4. Lagt fyrir að þingið vísi tillögu 3 frá.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5 Lagt fyrir að þingið vísi tillögu 4 frá.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 6 Lagt til að tillaga 5 verði samþykkt óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7 Lagt til að tillaga 6 verði samþykkt óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

Grétar kemur í pontu og afhendir Bjössa blóm þar sem hann er að hætta í stjórn BLÍ.

Stefán Jóhannesson kemur upp og gerir grein fyrir störfum **Fjárhagsnefndar**.

Lagt er til að þingið samþykki **Þingskjal 1** áætlunina eins og hún er með fyrirvara um að stjórn endurskoði hana þar sem forsendur eru allt aðrar í dag en var í janúar. Ný áætlun verði kynnt á formannafundi í haust.

Samþykkt samhljóða

Ákveðið gjald ævifélaga.

Grétar Eggertsson kemur upp og leggur til gjald ævifélaga. Lagt er til að gjaldið verði óbreytt, 100.000 kr.

Lagt fram og samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Sigríður Brúður. Umgjörð leikja, hlutverk starfsmanna, hvað má og má ekki. Setja upp leiðbeiningar um það t.d. að sami aðili sé ekki í mörgum störfum. Siðareglur fyrir starfsmenn á leikjum.

Gunna Stína kveður sér hljóðs. Vill biðja stjórn að taka það upp að skoða málin með línuverðina. Er of losaralegt og verið að þvinga fólk í hlutverk sem það vill ekki vera.

Beini því til allra í Mizunodeildinni með tölfraðina. Það er meiri þekking úti til að gera þetta og þurfum að útvista þessu. Stutt spurning um verð og því svarað. Leikgreiningin þarf að vera miklu betri og meiri samræming.

Spurt um myndavél. Því svarað.



5

Valdimar segir frá því að á heimasíðu KSÍ sé til handbók leikja. Endilega kíkið á það.

Stefán Jóhannesson. Takk fyrir innleggið. Línuvarðaumræðan komin í hring. Rökin eru jafngild í dag og þegar við hættum síðast. Það var vandamál að manna umsjónina og er jafnvel ennþá.

Eitt sem kom upp í fjárhagsnefndinni um liðinn Kynning og fræðsla. Grétar kemur á eftir og skýrir betur hver vegferð sambandsins er í þessum málum

Grétar Eggertsson kemur upp og svarar um umgjörð leikja. Kröfur eru til en það er ótrúlegur munur á milli félaga en ef við ætlum að hafa íþróttina á einhverjum stað þá þurfum við að hafa umgjörðina góða og samræmda. Hvað eiga félögin að vera með í umgjörð leikja?

Varðandi tölfræðina. Ef við ætlum að byggja þetta upp þurfum að byggja upp okkar fólk og hafa bekkinguna hérna heima. Þetta er ekki nóg gott hjá okkur og þurfum að laga það til og búta til bekkinguna. Metnaður innan hvers félags þarf að vera þannig að finna aðila til að sinna þessu verkefninu. Þörfin hjá þjálfaranum verður meiri þegar aukin menntunin.

Afreksmálin og íþróttaleg viðskipti. Við erum að fara að setja á nýjan startpunkt. Hvað getum við gert hér heima, aukið gæðin hér heima, fleiri æfingar og afreksbúðir. Gunna Stína sprýr úr sæti um afreksstjórn, verður hann á landinu? Grétar svarar því að hann verður eitthvað en ekki alltaf. Nýti þekkingu með öðrum aðilum líka.

Kosningar

Sjálfkjörin í stjórn eru þau Dagbjört Víglundsdóttir og Hrafnhildur Theódórsdóttir.

Bréf frá Dagbjörtu Víglunds lesið upp.

Hrafnhildur kynnír sig úr sæti.

Sjálfkjörin í varastjórn eru þau Steinn Guðni Einarsson, Valgeir Bergmann og Ásthildur Gunnarsdóttir.
Valgeir kynnti sig úr sæti.

Steinn Guðni kynnti sig úr sæti.

Bréf frá Ásthildi lesið upp.

Hjörtur Bjarki Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson sjálfkjörnir skoðunarmenn reikninga.

Þingslit.

Valdimar Leó Friðriksson þakkar starfsmönnum þingsins fyrir verk sín og býður Stefáni að koma í pontu.

Stefán Jóhannesson ræðir um starfslok sín hjá Blaksambandinu. Þakkar Sævari sérstaklega fyrir samstarfið. Er mjög þakklátur fyrir allt sem ég hef gert. Í morgun mættu hér menn sem höfðu ekki mætt lengi en Þorvaldur Sigurðsson mætti en hann er reyndur dómarí og þýddi m.a. blakreglurnar. Var gaman að sjá Jason mæta aftur í morgun og svo var hér Guðmundur Helgi Þorsteinsson. Hann er svolítið á bakvið tjöldin en er fyrverandi framkvæmdastjóri FIVB en er í dag í stjórn CEV. Áður en hann fór út var Guðmundur Helgi framkvæmdastjóri BLÍ. Ég var sjálfur formaður 1995-1999. Ég held að fyrsta þingið mitt hafi verið árið 1985. Kom svo aftur í kringum 1992. Saga sögð af þingi á Höfn þegar ég var kjörinn fyrst inn í stjórn. Á Höfn lagði ég fram tillögu um að keppa í strandblaki. Vellir voru aðeins um landið og keppt. Önnur tillaga sem ég lagði fram var um mælikvarða til að mæla árangur, þ.e.a.s. tölfraði. Eyðublað var útbúið og einföld tölfraði varð til. Hugmyndin var að eignast þennan gagnagrunn og senda á fjölmöðla.



6

Margt sem hægt er að segja frá. Væri gaman að rifja þessa ferð upp. Til afriku og til baka án vegabréfs.

Minni vegferð er lokið hér og Mér sýnist hreyfingin vera í góðum málum. Takk kærleg fyrir mig.

Grétar Eggertsson slítur þingi.

Heiðursmerki BLÍ úr silfri afhent við þetta tilefni. Steinn Guðni Einarsson og Auður Ösp Jónsdóttir.

Grétar ræðir um Stefán Jóhannesson. Honum verður seint fullþakkað og því miður ekki hægt að veita honum merki þar sem hann er búinn að fá allt. Vil þakka honum fyrir sitt starf í landsnefndinni. Vil þakka þér fyrir með blómum.

Ég vil þakka þingmönnum fyrir vel unnin störf, starfsmönnum fyrir undirbúning þingsins. Þakka stjórn BLÍ og óska nýjum mönnum í stjórn til hamingju.

Að lokum vil ég þakka fyrir mig og óska ykkur góðrar heimferðar þá segi ég 48. ársþingi BLÍ slitið.

Þingslit er 16.45

Sævar Már Guðmundsson ritaði þinggerð
Valdimar Leó Friðriksson þingforseti



BLAKSAMBAÐ ÍSLANDS
Kt. 450274-0629
Engjavegi 6 · 104 Reykjavík
Sími 514-4111
Fax 514-1112

Samþykkt af formanni BLÍ, Grétari Eggertssyni.

